



Borgarráð

Reykjavík, 6. maí 2026
MSS26040033

Viljayfirlýsing um framtíðarhúsnæði fyrir Listaháskóla Íslands

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu um samstarf vegna framtíðarstaðsetningu á húsnæði Listaháskóla Íslands milli menningar- nýsköpunar og háskólaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Listaháskóla Íslands.

Aðilar tilnefna a.m.k. einn fulltrúa til að framfylgja viljayfirlýsingunni. Stefnt skal að því að skipulagslýsing um framtíðarþróun á reitnum við Laugarnesveg liggja fyrir eigi síðar en 6 mánuðum eftir undirritun viljayfirlýsingarinnar.

Málið er trúnaðarmál þar til viljayfirlýsing er undirrituð.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Viljayfirlýsing um framtíðarhúsnæði fyrir Listaháskóla Íslands, ódags.

Viljayfirlýsing

um framtíðarhúsnæði fyrir Listaháskóla Íslands

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og rektor Listaháskóla Íslands gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um samstarf vegna framtíðarstaðsetningar Listaháskólans í Stakkahlíð.

Listaháskóli Íslands stuðlar að nýsköpun, samþættingu listgreina og gegnir mikilvægu hlutverki fyrir skapandi greinar, sem er ein af undirstöðum fjölbreyttu atvinnulífs og nýsköpunar hér á landi.

Um langt skeið hefur verið unnið að því að finna varanlega lausn á húsnæðismálum Listaháskólans. Talið er að núverandi aðstaða við Stakkahlíð mæti vel fjölbreyttum þörfum háskólans, bæði hvað varðar staðsetningu og stærð, en gert er ráð fyrir að byggt verði við núverandi húsnæði til að koma starfseminni þar fyrir til framtíðar lítið.

Aðilar yfirlýsingar þessarar eru sammála um að leysa þurfi húsnæðismál Listaháskóla Íslands með varanlegum hætti og lýsa yfir vilja til að vinna áfram að verkefninu miðað við eftirfarandi forsendur:

- Að framtíðarstarfsemi Listaháskóla Íslands verði komið fyrir í Stakkahlíð. Í fyrsta áfanga verður ráðist í verulegar endurbætur á núverandi húsnæði undir starfsemi háskólans. Í öðrum áfanga verður ráðist í uppbyggingu á svæðinu til að koma annarri sérhæfðri starfsemi háskólans fyrir sem rúmast ekki innan núverandi bygginga á grundvelli þarfagreiningar.
- Að eignarhald og rekstur fasteignarinnar verði aðskilinn frá almennum rekstri Listaháskólans þar sem fyrirkomulagið verði með þeim hætti að háskólinn greiðir eðlilegt endurgjald fyrir afnotin sem stendur undir fjármögnun, framkvæmdakostnaði og öðrum eignarhaldskostnaði.
- Að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir skjótri endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins til að hægt verði að byggja upp framtíðaraðstöðu fyrir starfsemi Listaháskólans og að ekki verði farið fram á greiðslu af hálfu borgarinnar vegna byggingarréttar við núverandi húsnæði við Stakkahlíð enda sé um almannaþjónustustarfsemi að ræða.
- Samstarf verði hafið milli aðila um framtíðarþróun reitsins við Laugarnesveg 91, sem hýsir stóran hluta af núverandi aðstöðu Listaháskólans, með það að markmiði að auka uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á reitnum. Við þróun reitsins verði miðað við að allur ágóði ríkisins renni til þeirrar mikilvægu fjárfestingar að koma starfsemi Listaháskóla Íslands varanlega fyrir í Stakkahlíð, samhliða nauðsynlegri uppbyggingu þar.

Aðilar tilnefna a.m.k. einn fulltrúa til að vinna að og framfylgja yfirlýsingu þessari.

Stefnt skal að því að skipulagslýsing um framtíðarþróun á reitnum við Laugarnesveg liggi fyrir eigi síðar en 6 mánuðum eftir undirritun yfirlýsingar þessarar. Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra mun beita sér fyrir því að Listaháskólinn geti staðið undir leigu á endurbættu húsnæði við Stakkahlíð auk framtíðaruppbyggingar við gerð næstu fjárlaga og fjármálaáætlunar.

Viljayfirlýsing þessi er gerð í fjórum eintökum, eitt fyrir hvern aðila.

Til staðfestu á framangreindu rita aðilar undir yfirlýsingu þessa.

Reykjavík, maí 2026

menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra

rektor Listaháskóla Íslands

fjármála- og efnahagsráðherra

borgarstjóri